

AÐALFUNDARFRÉTTIR

Aðalfundur Sörla var haldinn 27. október síðastliðinn og var mæting góð. Töluverð breyting varð á stjórn félagsins. Magnús Sigurjónsson var kosinn formaður Sörla í stað Björns Bjarnasonar sem gaf ekki kost á sér áfram. Hilmar Bryde, Margrét Friðriksdóttir og Darri Gunnarsson gáfu ekki kost á sér áfram í stjórn, en í þeirra stað voru kosin Thelma Víglundsdóttir, Kristján Baldursson, Halldóra Einarsdóttir og Berglind Rósa Guðmundsdóttir. Sigurður Emil Ævarsson og Valka Jónsdóttir gáfu kost á sér áfram.

Íþróttamaður Sörla 2011 er Eyjólfur Þorsteinsson. Hann gerði það gott á keppnisvellið á þessu ári og lét víða til sín taka. Einna helst má nefna Íslandsmeistaratitil í slaktaumatölti og svo auðvitað heimsmeistaratitil í samanlögðum fjörgangsgreinum.

Íþróttakona Sörla 2011 er Friðdóra Friðriksdóttir. Hún gerði það einnig gott á keppnisvellið hér heima og keppti á fjölmörgum mótum og lenti í úrslitum á fjölda þeirra. Má þar einna helst nefna íþróttamót í Mána, Herði, Sörla og Íslandsmót.

Viðurkenningu fyrir frábæran árangur á skeiðbrautinni hlaut Daníel Ingi Smáráson en hann gerði það gott á mörgum mótum á keppnistímabilinu með frábærum tímum og sigrum. Má þá sérstaklega nefna að Daníel Ingi sigraði í 100m skeiði á Landsmóti í sumar.

Sú nefnd sem þótti skara fram úr á starfsárinu var Mótanefndin. Nefndin hefur unnið vel á þessu ári og stýrt hverju mótnu á eftir öðru með miklum sóma. Auk móta sem haldin eru á hverju ári hélt nefndin glæsilega gæðingaveislu í lok ágúst sem tókst mjög vel. Einnig vann Sörli bikarkeppni hestamannafélaganna en henni var stýrt af nefndinni.

Það vildi til þetta árið að tveir hestar fengu sömu kynbótaeinkunn en það voru þeir Blysfari frá Fremra-Hálsi og Arður frá Brautarholti. Fengu þeir í aðaleinkunn 8,49. Svo skemmtilega vill til að Blysfari er jafnframt sonur Arðs. Var úr vöndu að ráða fyrir kynbótanefndina. Niðurstaðan varð sú að Snorri Kristjánsson fékk verðlaun fyrir að hafa ræktað hest dæmda hestinn í Sörla, Arð frá Brautarholti og Jón Benjamínsson fékk Lávarðabikarinn fyrir að eiga hest dæmda hestinn Blysfara, frá Fremra-Hálsi. Ítarlega fundargerð aðalfundar má finna á sorli.is.

BEIÐNI TIL SÖRLAFÉLAGA

Eins og flestum er kunnugt, er Lávarðadeildin önnur kafin við að koma skikki á gögn Sörla svo þau verði aðgengileg í framtíðinni. Ljósmyndir og kvikmyndir eru stór hluti minninganna, „ein mynd segir meira en þúsund orð“ eins og þar stendur. Því beinir Lávarðadeildin þeim tilmælum til ykkar að láta af hendi myndir af atburðum úr félagsstarfinu sem þið eigið í fórum ykkar, annaðhvort frumrit eða góða kópíu til varðveislu hjá félaginu. Staðarhaldarinn Magnús á Sörlastöðum tekur fúslega við þeim.

Munið að merkja myndirnar eða bunkann með nafni myndhöfundar og helst að gefa lýsingu á því sem er á myndunum og ártal. Að sjálfsögðu vill Lávarðadeildin einnig fá ritað mál og frásagnir. Dragið ekki að koma þessu í verk, tíminn er fljótur að eyða úr minninu!

Kveðja, Hilmar aðalritari

SÖRLI fréttabréf desember 2011 - Útgefið af Hestamannafélaginu Sörli
pósthólf 65 Hafnarfirði | sími 565 2919 | gsm 897 2919 | fax 555 4530 | www.sorli.is | sorli@sorli.is
Ábyrgðarmaður og ritstjóri: Magnús Sigurjónsson | sími 698 3168 | mas@vidistadaskoli.is
Umbrot: Margrét Friðriksdóttir | sími 861 6021 | vefstjori@sorli.is



FRÉTTABRÉF SÖRLA

Desember 2011

STJÓRN SÖRLA SENDIR ÖLLUM FÉLAGSMÖNNUM ÓSKIR UM

*Gledileg jól
og farsæld á nýju ári*



Hvaleyrarvatn. Ljósmynd Sveinn Heidar Jóhannesson

JÓLABALL OG GAMLÁRSDAGSREIÐTÚR Í DESEMBER

Æskulýðsnefnd stendur fyrir árlegu jólaballi miðvikudaginn 29. des. kl. 18:00–20:00 á Sörlastöðum. Allir Sörlakrakkar, foreldrar, afar og ömmur eru hvött til að mæta og taka þátt. Veitingar verða á borðum og rauðklæddir gestir líta inn.

Gamlársdagsreiðtúrin verður samkvæmt hefð á vegum ferðanefndar kl. 13:30 á gamlársmorgun en þá hittast félagarnir í fyrstu samreið vetrarins, kveðja gamla árið og búa sig undir að fagna því nýja. Safnast verður saman við suðurgöfl Sörlastaða og riðið um nágrennið. Þetta er ómissandi reiðtúr í hugum margra og félagarnir fjölmenna að vanda.

Ákveðið hefur verið að halda áfram með kaffi- og veitingasölu á Sörlastöðum á laugadögum í vetur. Stefanía mun sjá um reksturinn líkt og í fyrra við góðan orðstír. Fyrsta laugardagskaffið verður í janúar og hvetjum við félagsmenn að fjölmenna.

FRÁ STJÓRN

Nú færast líf í hesthúsaþverfin og þeim fjölga með degi hverjum sem búnir eru að taka hesta inn. Nýkjörin stjórn félagsins hefur ásamt formönnum nefnda unnið að því að koma saman vetrardagskrá sem fylgir með fréttabréfinu. Það er margt í boði að venju og hvetjum við félagsmenn til að skoða dagskrána vel og taka þátt í fjölbreyttu félagslífi Sörla. Allar dagsetningar geta breyst frá útgefni dagskrá, við bendum því á að menn fylgist reglulega með á vef félagsins sorli.is en þar er ávallt nýjustu fréttir að finna um starfsemi félagsins.

FRÁ ÆSKULÝÐSNEFND

Bóklega kenningin í knapamerkjánaðskilunum er hafin og er kennt í fyrstu fjórum merkjunum. Verklegr kenningin hefst í janúar, þá ættu allir að vera komnir með hesta í hús.

Það verður að venju mikil dagskrá og nóg að gera hjá okkur í vetur. Við ætlum að bjóða aftur upp á keppnisaðskilun, sem er einstaklingsmiðuð kenning og því frábært tækifæri bæði fyrir vana keppniskrakka og þá sem eru að stíga sín fyrstu skref og vilja reyna fyrir sér á keppnisvælinum.

Í janúar ætlum við að hafa smalaþæppi, þingó í febrúar með vinningum sem hafa ekki sést áður og hamborgaraveislu í apríl. Við endum síðan á vorferð sem verður ævintýrleg óvissuferð sem enginn má missa af.

Æskulýðsnefndin er komin með Facebook síðu, já krakkar nú verðið þið að „adda“ okkur inn á hjá ykkur og taka þátt í starfinu með okkur. Endilega verðið virk og komið með hugmyndir, setjið inn myndir og upplýsingar um hvað er að gerast í hestunum þessa dagana. Við munum setja inn vetrardagskrána, minna á viðburði og setja áhugavert efni inn á Facebook síðuna sem heitir Æskulýðsnefnd Sörla. Hlökkum til að sjá ykkur í vetur og höfum „gaman saman“.

Æskulýðsnefnd Sörla

FRÁ FRÆÐSLUNEFND

Fræðslunefndin mun í vetur bjóða uppá reiðnámskeið með eftirtöldum reiðkennurum. Sigurður Sigurðarson, Jakob S Sigurðsson, Vilfríður Sæþórsdóttir, Sindri Sigurðsson og einnig mun Daníel Ingi verða með skeiðnámskeið. Ingimar Sveinsson verður með námskeiðið sitt með frjálsum vilja s.s fullt námskeið, en einnig mun hann endutaka sýnikennsluna sem hann hafði í fyrra vegna fjölda áskorana, það má enginn missa af þessu! Járningarnámskeið verður haldið með Gunnari Guðmundsýni og verður bóklegi tíminn opinn fyrir alla.

Farið verður af stað með sýnikennsluröð þar sem færustu reiðmenn á sínu sviði koma með hesta sína og svara spurningum og sýna okkur í verki hvernig þeir vinna.

Janúar 18 / Hvernig fæ ég hestinn góðan í beisli og taumléttan? Anton Páll Níelsson

Febrúar 15 / Hvernig fæ ég gott tölt? Jakob S Sigurðsson

Mars 14 / Hvernig fæ ég meiri fótburð og burð? Olil Amble

Apríl 18 / Hvernig fæ ég hestinn léttan og leikandi? Hinrik Bragason

Mai 3 / Hvernig undirbý ég hest fyrir keppni? Sigurður Sigurðarson

Vetrarstarfið hefjum við 15. desember á kvöldkaffi með Brynjari Vilmundarsýni þar sem spjallað verður um ræktun.

Jólaþveðjur, Fræðslunefndin

SKEIÐARINN

Góðir félagar! Nú er enn hafið nýtt starfsár hjá okkur í Hestamannafélaginu Sörla, fullt af nýju fólki er komið til starfa í félaginu og margt spennandi að gerast. Eins og sjá má á heimasíðu Sörla, þar sem birtar eru fundargerðir stjórnar, er nú til umræðu tillaga, ekki allveg ný en endurnýjuð og enn er unnið að henni af fullum þunga. Þetta er tillaga um að ráða til félagsins yfirþjálfara og íþróttastjóra. „Hvað er þetta eiginlega?“ kann einhver réttilega að spyrja. Þess vegna ætla ég hér í þessum pistli að skýra aðeins málið. Hugmyndin er að hlutverk yfirþjálfara og íþróttastjóra félagsins sé að samræma kenningu frá fyrstu stigum hestamennskunnar til reiðþjálfunar fullorðinna, jafnvel eldri borgara. Hann á að kanna möguleika okkar á að útvíkka starfsemina, búa til samfellu í námskeiðaframboði, bæði faglega og tímanlega.

Hestamannafélagin þurfa að stíga næsta skref varðandi þjálfun bæði knapa og hesta, huga þarf að þjálfun t.d. jafnvægis- og þrekæfinga á breiðari grunni en verið hefur. Það þarf að virkja fleira fólk til iðkunar og þjálfunar í reiðmennsku. Ég er ekki að tala eingöngu um keppnisknapa, á hvað aldri sem þeir eru, heldur hinn almenna reiðmann sem telur réttilega að hestamennska sé frábært alhliða sport, sem þarf ekki síður en aðrar greinar íþróttar, að stunda af þrótti til að viðhalda og auka þjálfun sína og tæknikunnáttu. Afreksþópurinn okkar, sem við Sörlafélagar getum svo sannarlega verið afar stolt af, þarf sinn tíma og aðstöðu til æfinga ásamt aðstoð við að halda sér í fremstu röð. Afreksstefna Sörla er ekki til, en með aðkomu yfirþjálfara og ötulli vinnu okkar, nefnda- og stjórnarfólks, verður til námskrá, sem reyndar er kominn vísir að og nær yfir alla þessa þætti starfseminnar. Hægt verður að bæta við námskrána árlega, breyta og bæta að þörfum.

Við, hér í Hafnarfirði búum svo vel að í bænum er starfræktur íþróttatengdur framhaldsskóli, Flensborg, sem er sniðinn að námsþörfum afrekskrakka í íþróttum. Með yfirþjálfara og markvissa námsskrá væri hægt að samþætta nám unglínganna okkar í félaginu við íþróttabrautina í Flensborg, þannig að það nýtist þeim sem best sem þessa leið velja í námi. Rætt hefur verið um einhvers konar hestaleikskóla fyrir krakka á aldrinum 4 til 6 ára. Fyrir þennan aldurshóp mætti t.d. bjóða upp á dagskrá á laugardagsmorgnum, gæti verið áhugavert að prófa. Einnig væri hægt að hafa reiðtíma fyrir fullorðið fólk upp úr hádegi nokkra daga í viku. Verkalýðs- og ýmis starfsmannafélög greiða niður ólík námskeið fyrir sína féлага, því ekki reiðnámskeið?

Það var frábært að sjá atriði í Landanum á RÚV nýverið þar sem tvær öflugar konur úti á landi, félagar í litlu hestamannafélagi miðað við okkar, voru að kenna fimleika á hestum. Fullt af krökkum á öllum aldri byrjuðu að æfa jafnvægi og tækni á tréhesti í fullri stærð, en voru svo komin í allskonar æfingar á alvöru hesti.

Sörla er orðinn 800 manna félag með gífurlega breiðan hóp félagsmanna. Við verðum að vera frjón í hugsun til að finna menntunar- og fræðsluáætlið við hæfi sem flestra. Þar kemur enn til kasta yfirþjálfara, þ.e. það hlutverk hans að efla almenningaíþróttina ekki síður en afreksstefnuna. Við verðum að vera hugmyndaþrik, djörf og framsýn til að efla og auka áhuga á hestamennskunni í sinni víðustu mynd. Óska ykkur allra heilla um jól og áramót!

Siggi Ævars